

**Aðalfundur LÍ  
19. og 20. október 2017**

**Ályktun  
um heilbrigðismál**

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi 19. og 20. október 2017, ítrekar ályktanir fyrri aðalfunda um að forgangsröðun ríkisfjármála verði endurskoðuð. Heilbrigðismál þurfa að fá aukið vægi.

Íslenska heilbrigðiskerfið hefur um árabil búið við mikið aðhald og niðurskurð, sérstaklega í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Almenningur hefur krafist þess að meiri fjármunum sé varið til heilbrigðismála.

Bætt staða ríkissjóðs gefur stjórnvöldum færi á að efla heilbrigðiskerfið.

Læknafélag Íslands lýsir sig reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um skipulagningu og forgangsröðun í heilbrigðismálum.

**Aðalfundur LÍ  
19. og 20. október 2017**

**Ályktun  
um heilbrigði og velferð barna**

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi 19. og 20. október 2017 hvetur ríki og sveitarfélög til að setja velferð og heilbrigði barna í forgang. Styðja þarf foreldra og forráðamenn barna sem standa höllum fæti og veita börnum vernd þegar á þarf að halda. Styrkja þarf þá aðila sem huga að velferð barna svo aðgerðir þeirra verði skilvirkar og samræmdar.

Sannað er að aðstæður í æsku hafa mikil áhrif á heilbrigði einstaklinga seinna á ævinni. Ein besta forvörn gegn sjúkdómum er að koma í veg fyrir áföll snemma í lífinu og tryggja góðar aðstæður í bernsku. Huga þarf vel að grunnþörfum barna: Vernd, umhyggju, öryggi, húsnaði, mataræði og menntun.

Læknafélagið er reiðubúið að vinna með stjórnvöldum og öðrum að þessum málum.

**Aðalfundur LÍ  
19. og 20. október 2017**

**Ályktun  
um kostnaðarþátttöku**

Aðalfundur LÍ haldinn 19. og 20. október 2017 hvetur til þess að greiðsluþátttaka almennings í heilbrigðiskerfinu verði minnkuð.

Mikilvægt er að greiðsluþátttaka í lækniskostnaði, lyfjum og hjálpartækjum falli undir sameiginlegt greiðsluþak. Greiðsluþátttökukerfið má ekki verða til þess að fólk neiti sér um nauðsynlega þjónustu.

Frá faglegum sjónarhóli læknisins ætti kostnaður sem sjúkratryggðir einstaklingar þurfa að greiða úr eigin vasa ekki að hafa áhrif á ákvarðanir um meðferð.

**Aðalfundur LÍ  
19. og 20. október 2017**

**Ályktun  
um veipur**

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Hlíðasmára 19. og 20. október 2017 skorar á heilbrigðisráðherra og heilbrigðisyfirvöld að tryggja með lögum og/eða reglugerðum að aðgengi að rafrettum (veipum) sé takmarkað. Það er óviðunandi að þeim frábæra árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum á Íslandi sé ógnað með heilsuspíllandi athæfi. Æskilegt er að aðgengið sé takmarkað við lyfjaverslanir og ekki selt ungmennum undir 18 ára aldri.

**Aðalfundur LÍ  
19. og 20. október 2017**

**Ályktun  
um lokun heilbrigðisráðuneytis á rammasamningi  
Sjúkratrygginga Íslands við sérfræðilækna**

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi 19. og 20. október 2017, mótmælir harðlega lokun heilbrigðisráðuneytisins á rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands við sérfræðilækna og krefst þess að hið opinbera standi við gerða samninga.

Rammasamningurinn er mikilvægur hluti hins opinbera heilbrigðiskerfis með um hálf milljón sjúklingaheimsókna á ári. Lokun samningsins ógnar nýliðun í hópi sérfræðilækna. Meðalaldur starfandi sérfræðilækna á samningi er hár, árið 2016 var nær helmingur eldri en 60 ára og enginn yngri en 40 ára. Mikil þörf er því á nýliðun til þess að tryggja áframhaldandi nýjungar og framfarir í læknisfræði á Íslandi.

Aðför að þessari hagkvæmu þjónustu í heilbrigðiskerfinu er óheillaskref. Fundurinn skorar á heilbrigðisráðherra og heilbrigðisyfirvöld að falla frá þessari lokun tafarlaust.

**Aðalfundur LÍ  
19. og 20. október 2017**

**Ályktun**

**vegna ummæla landlæknis í garð lækna í hlutastarfi á Landspítala**

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi 19. og 20. október 2017, mótmælir harðlega órokstuddum ummælum landlæknis á hádegisfundí BSRB þann 9. október síðastliðinn, um að læknar í hlutastarfi á Landspítala og á stofum úti í bæ starfi ekki á spítalanum af heilum hug. Með þessum orðum vegur landlæknir, sem opinber embættismaður og eftirlitsaðili heilbrigðiskerfisins, að starfsheiðri yfir 200 lækna og sakar þá um óheilindi gagnvart sjúklingum sínum og vinnuveitanda. Aðalfundur Læknafélags Íslands skorar á landlækni að draga þessi ummæli tafarlaust til baka á opinberum vettvangi.

**Aðalfundur LÍ  
19. og 20. október 2017**

**Ályktun**

**um útgreiðslu fjár úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði Læknafélags Íslands (FOSL)**

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Kópavogi 19. og 20. október 2017 samþykkir að stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóði lækna (FOSL) sé reglulega heimilt að greiða sjóðsfélögum heilsueflingastyrk úr sjóðum FOSL ef peningalegar eignir sjóðsins eru haðri en sem nemur þrisvar sinnum árlegum rekstrargjöldum sjóðsins. Hver útgreiðsla má þó aldrei vera samtals haðri en svo að eftir verði í sjóðnum peningaleg eign sem nemur tvisvar sinnum árlegum rekstrargjöldum sjóðsins.

Heilsueflingastyrkur FOSL til hvers sjóðsfélaga skal hverju sinni taka mið af innborgunum af launum hans í sjóðinn árið á undan greiðslu heilsueflingastyrksins. Heilsueflingastyrkur FOSL skal aldrei nema lægri fjárhæð en 5.000 kr. Lægri greiðslur falla því niður. Sjóðfélagar standa sjálfir straum af skattgreiðslum af heilsueflingastyrknum.